

Sp.

674. Breytingartillaga

[142. mál]

við till til þál. um eflingu ferðamála.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða áætlun um eflingu ferðamála. Í áætluninni verði stefnt að því að auka verulega ferðamannastraum til landsins og bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna. Leggja skal sérstaka áherzlu á það, að ferðapjónusta geti orðið traustur atvinnuvegur sem víðast um byggðir landsins og að þróun ferðamála verði til stuðnings við æskilega þróun landsbyggðar. Jafnframt skal áætlunin unnin með tilliti til eftirtalinna fjögurra þátta, sem líklegir eru til að auka aðdráttarafl landsins sem ferðamannalands: Bættra skilyrða til ráðstefnuhalds, aukinna sportveiða, vetraríþróttar og heilsuhæla í sambandi við jarðhita.